



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Samstarfsyfirlýsing félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra eru einhuga um að vinna saman gegn ofbeldi í íslensku samfélagi og niðurbjótandi áhrifum þess, auka fræðslu og forvarnarstarf um ofbeldi, bæta samvinnu og verklag við að draga úr ofbeldi og styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála.

Ráðherrarnir eru sammála um að efna til samráðs á landsvísu milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis, lögreglu og ákærvalds undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytis, í því skyni að efla aðgerðir gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Samstarfinu er einkum ætlað að ná til ofbeldis gegn börnum, ofbeldis í nánnum samböndum, kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis, og ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum. Til ofbeldis sem yfirlýsing þessi tekur til telst einnig hatursfull orðræða sem hvetur til ofbeldis eða annarrar refsiverðrar háttsemi sem er lítillækkandi eða ógnandi í garð einstaklinga eða hópa fólks, svo sem vegna þjóðernis, kynþáttar, trúar, fötlunar, kynhneigðar eða kyns.

Meðal annars verður eftirtöldum aðilum boðið til samráðs um þessi mál:

Barnahúsi, Barnaverndarstofu, Fjölmenningarsetri, réttindavakt velferðarráðuneytis, Ríkislögreglustjóra, Ríkissaksóknara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Umboðsmanni barna og Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Enn fremur verður leitað til frjálsra félagasamtaka sem koma að velferð þessara hópa.

Lögð verður áhersla á að bæta verklag og samvinnu allra sem geta tekið þátt í að draga úr ofbeldi, meðal annars með því að auka forvarnir og fræðslu meðal barna, fólks sem vinnur með börnum, hjá réttarvörslukerfinu og meðal almennings. Efla getu og hæfni lögreglu við uppljóstrun ofbeldisbrota svo tryggja megi skjótan og öruggan framgang mála, auka þjálfun og menntun innan réttarvörslukerfisins til þess að taka á ofbeldismálum. Efla getu og hæfni velferðarþjónustunnar til þess að veita þolendum ofbeldis uppbyggilegan stuðning og vernd. Styrkja samstarf lögreglu, mennta- og barnaverndaryfirvalda og félagsþjónustu við rannsóknamál, aðstoða gerendur ofbeldis við að horfast í augu við vanda sinn og takast á við hann svo draga megi úr ofbeldi í samfélaginu.

Ráðherrarnir leggja einnig áherslu á að koma á svæðisbundnu samráði, sem meðal annars er ætlað að bæta verklag við fyrirbyggjandi aðgerðir og rannsóknir ofbeldismála með sérstakri áherslu á ofbeldi gegn börnum og fötluðu fólki. Að samstarfinu komi félagsþjónusta, skólastjórnendur, sérfræðiþjónusta sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld, lögreglustjórar og eftir atvikum réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Félags- og húsnæðismálaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, og innanríkisráðherra hafa ákveðið að á vettvangi ofangreinds landssamráðs verði undirbúin aðgerðaáætlun til fjögurra ára gegn ofbeldi í íslensku samfélagi.

18. desember 2014

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra